

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 1. september 2022  
UST202202-002/F.Æ.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 10.08.2022 – Fiskimjölsverksmiðja Brims, Vopnafirði**

Þann 10. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.** Varðar það geymslu og meðhöndlun efna og að takmarka skuli aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

Unnið var skv. úrbótaáætlun og hefur verið sett hækkun á niðurfali, sem hægt er að fjarlægja þegar þörf er á. **Frávikinu er því lokað.**

**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:**

- 1) Rekstraraðili er hvattur til að fylgjast betur með TVN-gildum og mæla oftari í hráefni sem tekið er til vinnslu, þegar gildi nálgast og eru yfir 100 mg N/100 g.
- 2) Rekstraraðili skal, skv. starfsleyfi, gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, til að tryggja ferskt hráefni.

**Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu, er varða:**

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðil skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds fyrir 1. maí ár hvert.  
*Umrædd gögn hafa nú borist Umhverfisstofnun og er frávikinu því lokað.*
2. Gr. 20 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir geng olíumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili skal láta þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma eigi sjaldnar en á tíu ára fresti.  
*Ekki hafa borist upplýsingar um botnþykktarmælingar á tveimur minni lýsingeymum rekstraraðila.*
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring.  
*Ekki er ljóst, skv. skýrslu frá rekstraraðila, hvort farið var eftir ákvæðum starfsleyfis varðandi verklag við sýnatöku ársins 2021.*

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum nr. 2 og 3 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. september 2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
*Sérfræðingur*

Gottskálf Friðgeirsson  
*Sérfræðingur*